



Bikarmeistarar Selfoss á leið á Norðurlandamót

Helgina 24. - 25. febrúar fór fram Bikarmót eldri flokka í hópímleikum og þar var meðal annars keppt um bikarmeistararitil unglunga og fullorðinna. Selfoss átti þar lið í unglungaflokki, 1. flokk.

Í 1. flokknum var þó meira undir en einungis bikarmeistararitillinn, þar sem einnig var

keppt um þátttökurétt á Norðurlandamóti unglunga í apríl en tvö hæstu liðin í 1. flokki öðluðust þátttökurétt á Norðurlandamóti, sem fer fram í Svíþjóð.

Útgeislun og leikgleði smitaðist til áhorfenda

Stúlkurnar í 1. flokki hafa lagt mikla vinnu á sig síðastliðna mánuði og stefndu ótrauðar að því markmiði að ná inn á Norðurlandamót. Þær voru því vel upplagðar og tilbúnar til þess að sýna hvað í þeim býr á laugardaginn. Þær byrjuðu daginn á dýnu og sýndu þar stórgóðar æfingar, hreinar og öruggar. Næst var trampólínið þar sem aftur skein í gegn hversu mikið þær höfðu æft fyrir þennan dag, öryggið var mikið og lítið um mistök. Þær enduðu mótið á gólfæfingum og þar áttu þær stórkostlegar æfingar þar sem útgeislunin og leikgleðin smituðust yfir á áhorfendur, sem voru margir hverjir klæddir vínrauðu enda fjölmargir sem lögðu leið sína í Egilshöllina að hvetja stelpurnar.

Einlæg gleði þegar uppskera erfiðisvinnunnar varð ljós

Á stórum mótum sem þessum eru einkunnirnar ekki allar gefn-

ar upp og því veit enginn hverjar niðurstöður mótsins eru fyrr en kemur að verðlaunaafhendingunni. Það var því mikil spenna þegar bikarmeistararnir voru tilkynntir og eftirvæntingin mikil. Sigurvegarar í fyrsta flokki og þar með komnar með þátttökurétt á Norðurlandamóti unglunga voru Selfoss! Fögnuðurinn braust út og gleðin var einlæg - markmiðinu náð og þær að uppskera eftir alla vinnuna.

Stökkþjálfarar liðsins eru Tanja Birgisdóttir og Mads Pind en Margrét Lúdvígsdóttir þjálfar þær í dansi og hefur notið aðstoðar Julie Bjornskov í vetur. Þá hefur Sally Ann Vokes séð um þá vinnu sem snýr að andlega þættinum í fimleikum, auk þess að vera stúlkunum stuðningur á æfingum. Unnur Þórisdóttir er sjúkrapjálfi liðsins og hefur komið reglulega inn á æfingar til að aðstoða stúlkurnar. Þetta teymi hefur haldið vel utan um stúlkurnar í vetur og eiga stórt hrós skilið fyrir sín störf. **UMFS**

Katharina valin á forsetalista HR



Katharina S. Jóhannsdóttir. Ljósmynd: Aðsend.

Á haustmisseri 2023 varð Katharina S. Jóhannsdóttir frá Selfossi ein þeirra sem fékk þann heiður að vera

valin á forsetalista Háskólans í Reykjavík. Þeir nemendur sem komast á forsetalista eru 1-3% sem ná bestum námsárangri í námi á hverri önn og var Katharina ein á meðal þeirra. Markmiðið með forsetalista HR er hvatning fyrir nemendur sem ná framúrskarandi árangri í námi og til vekja athygli á árangri þeirra. Þeir nemendur sem komast á forsetalista hljóta styrk sem nemur skólagjöldum einnar annar. Auk þess er mikill heiður að komast á slíkan lista og getur viðurkenningin til dæmis skipt máli þegar sótt er um framhaldsnám eða atvinnu.

Bráðabana frá bronsverðlaunum

Valgerður Einarsdóttir Hjaltested frá Hæli í Hreppum lauk á mánudag keppni á Evrópu-meistaramótiinu innandyrá í Varazdín Króatíu, þar sem hún endaði í 4. sæti í liðakeppni og 9. sæti í einstaklingskeppni.

Valgerður, sem keppir fyrir BFB Kópavogi, komst áfram í útsláttarleiki liða og einstaklinga eftir undankeppni EM í síðustu viku. Hún skoraði nægilega hátt til þess að sitja hjá í leikjum og fara beint í 16 manna úrslit.

Liðið í sveigboga kvenna, sem Valgerður keppti með, var hársbreidd frá því að tryggja sér brons verðlaunin á EM í brons úrslitaleik sem endaði jafn 4-4 gegn Moldóvu. Bráðabana þurfti til þess að brjóta jafnteflið



Valgerður E. Hjaltested. Ljósmynd: Aðsend.

og ákvarða hvort liðið hreppti bronsið, en þar hafði Moldóva betur á síðustu örinni. Íslenska

liðið endaði í 4. sæti á EM, sem er hæsta sæti sem Ísland hefur náð í sveigboga kvenna.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN BÍÐA ÞÍN



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi





SUB EHF
HLJÓÐ - LJÓS - MYND
ALLT SEM VIÐKEMUR TÓNLIST
subkerfi@gmail.com 8467713



Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Til sölu/leigu, Háheiði 15 Selfossi



Nýtt iðnaðar- og þjónustuhúsnæði sem skiptist í 13 einingar. Hvert bil er 112,5 m². Engar súlur í milliveggjum og auðvelt að sameina bil. Húsið er tilbúið til afhendingar.

Upplýsingar um húsnæðið gefur Jón í síma 896-3626, jon@afvelar.is.
Upplýsingar einnig á: mbl.is/fasteignir



„Breytingarnar miklar og alls konar, gleðilegar og minna gleðilegar - eins og til dæmis morgunógleðin“

Sunnlenskt band, Sunnlenskar raddir, persónulegir textar og mis-dramatísk lög verða á dagskránni á útgáfutónleikum Fríðu Hansen á Sviðinu þann 1. mars næstkomandi

Fríðu Hansen þekkja margir Sunnlendingar en hún hefur verið áberandi í tónlistarlífinu síðustu ár. Hún er reiðkennari og tamningarkona að mennt og er með reiðskóla á sumrin á Leirubakka í Landsveit, þar sem hún býr og er uppalin. Hún er einnig tónlistarkona, söngkona og lagahöfundur, sem syngur við hin ýmsu tilefni, en hún byrjaði svo að gefa út tónlist í covid.

Fríða var ekki nema 10 ára þegar hún samdi fyrsta lagið sitt á orgelið frá afa sínum í stofunni heima, en þá var hún byrjuð í píanónámi. Fljótlega eftir það fór hún að læra söng og ákvað svo að vilja feta í fótspor systur sinnar Önnu Hansen, söngkennara og söngkonu sem syngur nú með hljómsveitinni Aqua úti í Danmörku og reyndur út um allan heim!

Árið 2020 kom út hennar fyrsta lag, sem bar nafnið Tímamót. Það var svo tekið upp og spilað af Stefáni Þorleifssyni, en þau Stefán og Fríða höfðu unnið saman í langan tíma. Lagið sat á vinsældarlista Rásar 2 um tíma og var mikið spilað. Í kjölfar þess hófst samstarf við popparann Hreim Örn Heimisson og söng Fríða inn á lagið hans Lítið hús sem sat á vinsældarlistum t.d. á Bylgjunni. Síðar gáfu þau Fríða og Hreimur út lagið Drottning um stund, sem var lag Landsmóts Hestamanna árið 2022. Fríða gaf svo út plötu í fyrrasumar með 6 frumsömdum lögum.

Blaðamaður Dagskrárinnar náði tali af þessari fjölhæfu listakonu og lék forvitni á að vita hvernig samstarf hennar og Hreims hófst. „Ég hafði stundum fengið að taka lagið með Hreimi og þeim í hljómsveitinni Made in Sveitin þegar ég var að skemmta mér, enda þekki ég bassaleikarann vel, Róbert Dan Bergmundsson.



Hann hafði stundum spilað undir hjá mér, bæði á tónleikum og í stigsprófum í tónlistarskólanum hjá Stebba (Stefáni Þorleifssyni). Svo þegar ég var farin að semja tónlist sjálf ákvað ég bara að prufa að hringja í Hreim, og fékk hann til að hlusta á það sem ég hafði verið að gera. Hann var alltaf jákvæður og hjálpsamur og endaði svo á að bjóða mér að syngja með sér lagið hans, Lítið hús. Það var mjög skemmtilegt og hann hefur kynnt mig fyrir fleirum frábærum listamönnum sem hafa unnið með mér að tónlistinni.“

Persónulegir textar og mis-dramatísk lög

Plata Fríðu, Vaxtaverkir, kom út í fyrrasumar. „Hún fjallar að mestu leyti um ferðalagið mitt þegar ég komst að því að ég ætti von á barni og þangað til sonur minn varð svona 1 árs. Það að verða ólétt varð eins og smá spark í rassinn til að elta draumana mína, sem eru m.a. þeir að vinna við það að gera og flytja tónlist. Mér finnst orðið vaxtarverkir lýsa best því ferli sem ég gekk í gegnum, enda breytingarnar miklar og alls konar, gleðilegar og minna gleðilegar - eins og til dæmis morgunógleðin, „segir Fríða og hlær. „Textarnir eru því persónulegir og lögin poppuð og mis-dramatísk. Ég er ofboðslega þakklát fyrir þetta tímabil og tækifærið að hafa getað gefið mér tíma í þetta verkefni.“

Fríða segir upptökufærið langt frá því að vera eins manns verk. „Með mér var frábært fólk og þar ber fyrstan að nefna Vigni Snæ, oft kenndan við Írafar, en hann bæði tók plötuna upp, spilaði inn gítarana, bassann og stundum syntha, hann hljóðblandaði hana líka og útsetti með mér og samdi líka með mér lagið Líttu nú upp. Svo var Stefán Þorleifsson mikilvægur partur af plötunni, en hann samdi með mér lagið Hjartalag og spilaði inn píanóið í öllum lögnum. Benedikt Brynleifsson spilaði svo listavel á trommurnar og Samúel Jón Samúelsson spilaði á básúnu og Kjartan Hákonarson spilaði á trompet. Ekki má svo gleyma henni Hörpu Rún Kristjánsdóttur, ljóðskáldi með meiru frá Hólum á Rangárvöllum, sem samdi með mér textann að laginu Ég kem til þín. Sigurdór Guðmundsson, Sunnlendingur sem er búsettur í Danmörku, hljómjafnaði svo plötuna og gerði hana tilbúna í vínlyframleiðslu, en platan kom út á vínly,“ segir Fríða.

Loks tími fyrir útgáfutónleika

Nú er Fríða í óðaönn við undirbúning útgáfutónleika sem verða haldnir föstudagskvöldið 1. mars á Sviðinu á Selfossi.



„Prógrammið er flott og fjölbreytt, en ég fæ til liðs við mig kórinn Sunnlenskar Raddir, sem sjá m.a. um bakraddir. Ég kalla þetta útgáfutónleika því ég gaf mér ekki tíma til að halda slíka í sumar eftir að platan kom út, en nú er sko heldur betur kominn tími til. Ég tala um að dagskráin verði fjölbreytt, því að auk kórsins verður líka með mér hann Hreimur, en hann kemur og við ætlum að flytja lögin okkar saman og hann ætlar að taka nokkur lög sjálfur líka. En svo kemur Anna systir heim og ætlar að syngja að minnsta kosti eitt lag eftir sjálfa sig og að minnsta kosti eitt með mér! Það fer eftir því hvað ég næ að snúa mikið upp á hendina á henni,“ segir Fríða kát. „Svo ætla ég að frumflytja nýja tónlist á tónleikunum - þar á meðal lag sem mun vonandi koma út í flutningi Sunnlenskra Radda þegar líður á vorið.“

Eingöngu sunnlenskir flytjendur

Ásamt Fríðu verður hljómsveit skipuð eingöngu Sunnlendingum. „Stefán Þorleifsson verður á píanó, Árni Þór Guðjónsson á bassa og stundum á gítar, Alexander Freyr Olgeirsson á gítar og Óskar Þormarsson spilar á trommurnar,“ segir Fríða.

Vonir standa svo til að ný plata komi út á árinu. „En kannski snemma á því næsta. Ég hlaut styrk frá Hljóðrita-sjóði og Upptökusjóði Stefs í fyrravor, en svona plata er lengi í vinnslu. Ég stefni að því að gefa út nokkra „singla“ á þessu ári en hver veit!“

Fríða segist vera virk á Instagram, fridaahansen, ásamt því að halda úti heimasíðu, fridamusik.myshopify.com, þar sem bæði er hægt að kaupa plötuna hennar og bolla sem hún fór að gera samhliða útgáfu plötunnar en bollarnir eru handskeyttir með tilvitnunum í texta plötunnar.

Að lokum segist Fríða lofa góðri skemmtun á Sviðinu þann 1. mars næstkomandi og hvetur fólk til að vera í fyrri fallinu að ná sér í miða á svidid.is.



Orka í págu þjóðar

Ársfundur Landsvirkjunar

5. mars kl. 14 í Norðurljósum í Hörpu

Skráning á [landsvirkjun.is](#)

Ávörp

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
fjármálaráðherra

Jónas Þór Guðmundsson
stjórnarformaður Landsvirkjunar

Fundarstjóri

Þóra Arnórsdóttir
forstöðumaður Samskipta

Erindi

Fyrirmynd í rekstri
endurnýjanlegra orkukerfa
Hörður Arnarson
forstjóri

Ávinningur af bættri orkunýtni
Jóna Bjarnadóttir
framkvæmdastjóri Samfélags
og umhverfis

Árangur í rekstri Landsvirkjunar
Rafnar Lárusson
framkvæmdastjóri Fjármála
og upplýsingatækni

Áform um nýframkvæmdir
Ásbjörg Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri Framkvæmda

Sóknarfærin eru til staðar

Samfélagið okkar er ótrúlega fjölbreytt og kannski sem betur fer höfum við ekki öll sömu skoðun á hlutunum. Allt frá því að horfa til þess hvað við erum örugg á Íslandi fyrir stríðsátökum en á móti vanmáttug gagnvart móður náttúru. Aðrir hlutir, líkt og lokun sundlauga vegna kuldatíðar, hækking gjalda, pólitík eða kjarasamningsviðræður virka mögulega hálfgerð aukaatriði í þessu samhengi en hafa samt áhrif á okkar daglega líf og taka pláss í umræðunni. Það sýnir held ég þessa fjölbreytni hvernig umræðan getur þróast þegar mismunandi raddir og skoðanir mætast. Það er eins hér í Árborg að mörg áhugaverð mál eru í gangi.

Fjármálin og sala eigna

Við samþykkt fjárhagsáætlunur fyrir árin 2024-2027 í desember sl. lagði meirihluti bæjarstjórnar fram meginlínurnar við endurskipulagningu reksturs sveitarfélagsins. Í hreinskilni sagt, þung áætlun sem ásamt áframhaldandi hagræðingu í rekstri eykur tímabundið byrðar á okkur íbúa. Sveitarfélagið varð því miður í ljósi fjárhagsstöðunnar að setja 1,474 prósentustiga viðbótarálag á útsvarið fyrir árið 2024. Það er ekki léttvæg ákvörðun hjá bæjarstjórn og eingöngu get tímabundið til að sveitarfélagið komist fyrr í gegnum uppsafnaðan fjárhagsvanda. Viðbótarálagið kemur þó ekki til greiðslu fyrr en við uppgjör frá skattinum í júní árið 2025. Fyrir einstakling með um 10 milljónir í árstekjur getur það þýtt um 130-140 þúsund krónur sem deilast þá til greiðslu á nokkra mánuði. Þetta reynir sannarlega á okkur öll. Áætlunin „Brú til betri vegar“ mun að sama skapi gefa okkur sterkari grunn til að lækka álögur til framtíðar og gera sveitarfélaginu kleift að standa undir þeirri þjónustu sem því ber að veita okkur íbúum.

Það hjálpar til að mikill áhugi er á uppbyggingu í Árborg og sala lóða hefur skilað sveitarfélaginu fjármunum sem minnkar þörf á lánsfé. Slíkt er jákvætt í núverandi vaxtaumhverfi og styður ennþá betur við áætlunina og þann viðsnúning sem verður á næstu árum.

Þétting byggðar

Sveitarfélagið hefur unnið undanfarin ár að því að skoða mögu-

legar lausar lóðir undir einbýlishús í eldri götum sveitarfélagsins. Skipulagsnefnd hefur látið vinna deiliskipulag fyrir um tíu einbýlishúsalóðir á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseymi. Bæjarstjórn hefur þegar samþykkt lóðir í Lágengi og Reyrhaga á Selfossi og verða fleiri lóðir teknar formlega fyrir á næstu vikum. Ef áætlanir ganga eftir ætti að vera hægt að auglýsa þær til sölu og úthlutunar síðar í vor. Horft er til þess að lóðirnar auki valmöguleika í lóðaframboði í sveitarfélaginu og um leið nýta lóðir sem hafa staðið auðar eða verið nýttar undir annað.

Það er vert að hrósa framkvæmdaaðilum, starfsmönnum og skipulagsnefnd en vinna við deiliskipulög hefur almennt gengið vel og skilvirkt samstarf verið milli aðila. Það er mikilvægt að slíkt samstarf sé gott enda eru skipulagsmálin grunnur að svo mörgu öðru í samfélaginu og hafa áhrif víða.

Íbúar standa sig vel í flokkun

Umhverfisnefnd Árborgar fór nýlega yfir stöðu sorphirðu og flokkunar í sveitarfélaginu í kjölfar umfangsmikilla breytinga á reglum á sl. ári. Við íbúar í Árborg erum heilt yfir að standa okkur vel í flokkun á sorpi og endurspeglast það í endurgreiðslum frá úrvinnslusjóði, en þær námu um 34,5 milljónum árið 2023. Hrós til okkar allra en þessi árangur gerir það að verkum að sorphirðugjöldin sem eru hluti af fasteignagjöldunum hækka minna en ella á milli ára eða innan við 3 prósent. Hjá mörgum sem fóru í tvískiptar tunnur gætu þau reyndar hafa lækkað aðeins sem er auðvitað mjög jákvætt. Sú nýbreytni var gerð á álagningar-seðli fasteignagjalda fyrir árið 2024 að brjóta betur niður sorphirðugjöldin og sýna kostnað á hverjum lið. Upphæðin hefur alltaf komið fram í einni línu undir sorphirðugjöldum en núna sjást allir kostnaðarþættir ásamt

Bragi Bjarnason

formaður bæjarráðs og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg



sameiginlega kostnaðinum.

Í þessum málaflökki eru ennþá sóknarfæri fyrir okkur til að lækka kostnað, bæta flokkun og þá um leið hafa áhrif á sorphirðugjöldin. Þar mætti nefna grenndarstöðvarnar sem taka á móti gleri, málmum og textíl. Líkt og sjá má á myndinni hér að neðan þá var á árinu 2023 safnað um 42 tonn af sorpi frá grenndarstöðvunum sem skiptast reyndar í fleiri flokka þar sem flokkunarkerfinu var breytt á miðju ári. Það sem er endurvinnanlegt fáum við til baka frá úrvinnslusjóði og því er tækifæri að minnka annan úrgang sem kemur á grenndarstöðvarnar. Árið 2023 voru það um 8 tonn eða 20 prósent af heildinni svo ávinningurinn getur verið talsverður. Til stendur að fjölga grenndarstöðvum og endurskoða staðsetningar til að auðvelda okkur íbúum að nýta þær betur.

Síðan er vert að nefna hinsegin vikuna í Árborg sem verður 26. febrúar til 1. mars. Þar er fjölbreytileika samfélagsins fagnað og geta allir tekið þátt á sínum forsendum. Sunnulaekjarskóli á Selfossi tekur þátt í þróunarverkefninu Farsældargildi með Menntamálastofnun og Íþróttafélagið Suðri, í samstarfi við Umf. Selfoss, tekur þátt í samstarfsverkefninu „Allir með“ sem er ætlað að fjölga tækifærum fatlaðra barna til þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi. Þetta er aðeins brot af því helsta og til að næra menninguna eru m.a. reglulega tónlistarviðburðir á svæðinu, hægt að kíkja á Veiðisafnið á Stokkseymi, byggðasafnið á Eyrarbakka eða bókasafnið þar sem alltaf er eitthvað nýtt í gangi.

Söfnun á grenndarstöðvum í Árborg árið 2023, talið í kg.



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Mér er stundum mikið það, margir reiðir far'í það, Íslendingar eiga það, afla síldar mældi það.

Svar við gátu í blaði 2741: **BRAGÐ**

1. lína: Hnifs**BRAGÐ** - 2. lína: Mark skorið í kindaeýra
3. lína: Falla á eigin **BRAGÐI** - 4. lína: Aðeins **BRAGÐ**, er smá vínsopi



Sunnlenski matgæðingurinn



Kærar þakkir Lilja fyrir að láta langþráðan draum minn um að vera sunnlenski matgæðingur vikunnar verða að veruleika.

Ég verð seint sakaður um að vera stjórnukokkur en ég er þó finn í að fylgja góðum uppskriftum! Þessi uppskrift er einstaklega fljótleg og þægileg en ætti þó að slá í gegn hjá öllum. Um er að ræða dýrindis kjúklingarétt með piparosti, hvítlauk og pestó sem gott er að bera fram með salati og hrísgrjónum.

Kjúklingur í rauðu pestó

- 1 pakki af kjúklingabringum
- 4 stk hvítlauksrif, söxuð smátt
- 1/2 l matreiðslurjómi
- 1 stk piparostur
- 1 krukka rautt pestó
- 2 msk soyasósa
- 5-10 dropar tabasco sósa

Fyrst er hvítlaukurinn léttsteiktur upp úr smjöri, síðan er matreiðslurjómanum, piparostinum, rauða pestóinu, soya-sósunni og tabasco sósunni

Ég ætla að skora á ástríðukokkinn Hauk Andra Grímsson til þess að deila hæfileikum sínum í matargerð með alþjóð.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Jón Lárus Stefánsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

bætt saman við til þess að búa til sósuna.

Á meðan sósan mallar eru síðan kjúklingabringurnar brúnaðar á hvorri hlið á annari pönnu og þeim síðan raðað á eldfast mót. Því næst er sósunni hellt yfir bringurnar og mótinu síðan skellt inn í 180°C ofn í sirka 30 mínútur eða þar til bringurnar eru fullleddaðar.

Gott er að bera réttinn fram með hrísgrjónum og góðu salati.



Úrvals kryddsild, marin-
eruð sild, karri sild og sild
í graflaxsósu á mjög góðu
verði. Og hinn sívinsæli
reykti og grafni lax frá
Fiskási á Hellu, og há-
karlinn alltaf á sínum stað.
Austurvegur 44, Selfoss
Sími: 7754132



Pub quiz á Heima Bistro í Þorlákshöfn laugardaginn 2. mars kl. 20:00.

Magnþóra og Árný spurningadrottningar mæta með laufléttan spurningapakka. Veglegir vinningar og tilboð á barnum. Hlökkum til að sjá sem flesta. Kveðja Tommi og Binna á Heima Bistro



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X





Starfsfólk í úti- og inniafgreiðslu á Olís

Fullt starf

Lífsreynsla, aldur og þroski eru engin fyrirstaða fyrir ráðningu í störf hjá okkur og við hvetjum jafnt ungt fólk sem eldra til að sækja um.

Olís leitar að traustu starfsfólki sem getur sinnt útiþjónustu og afgreiðslustörfum inni á þjónustustöðinni á Olís Selfossi. Störfin eru fjölbreytt þar sem á stöðinni er einnig starfrækt Grill 66 og Lemon Mini.

Helstu verkefni:

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Aðstoð við skipti á rúðupurrkum
- Áfyllingar á rúðuvökva
- Þrif á útisvæði
- Áfyllingar í verslun og vörumóttaka
- Þrif og annað tilfallandi

Hæfniskröfur:

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Eldri en 20 ára og hafa áhuga á þjónustu við bíleigendur

Frekari upplýsingar um starfið veitir verslunarstjóri á staðnum eða í gegnum selfossben@olis.is. Umsóknir skilist í gegnum vefform 50skills með því að skanna QR kóðann hér að neðan.



Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, uppbyggileg samskipti og fagleg vinnubrögð.



#fruforseti



LÝÐRÆÐI
TJÁNINGARFRELSI
JAFNRÆÐI

www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum



Úthlutun orlofshúsa Bárunnar stéttarfélags fyrir sumarið 2024

Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins í Grýluhrauni 9, við Þverlág 2 á Flúðum, Borgarbyggð 12 í Svignaskarði (skiptibústaður), Arnarborg í Stykkishólmi númer 16, (skiptibústaður) og íbúð á Akureyri Ásatún 12 til leigu sumarið 2024 fyrir félagsmenn.

Umsóknarfrestur er til kl. 12 á miðnætti þann 7. mars.

Sótt er um á Orlofssíðu Bárunnar, hægt er að fá aðstoð við umsóknarferlið á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56, 800 Selfoss. Allir félagsmenn geta sótt um, það er eingöngu punktastaða umsækjenda sem ræður niðurstöðu úthlutunar.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 8. mars nk. Félagsfólk hefur þá eina viku til að ganga frá greiðslu í gegnum Mírar síður.

15. mars kl. 10:00 lýkur greiðslufresti þeirra sem hafa fengið úthlutað.

15. mars klukkan 11:00 verða ógreiddar og óúthlutaðar vikur opnar á orlofsvefnum og gildir þá „fyrstur kemur fyrstur fær“.

Öllum umsóknum verður svarað.

Verð á vikuvöl í bústöðunum og fyrir íbúð á Akureyri er 22.000 kr. Vikuleigan á Flúðum, í Grýluhrauni, Svignaskarði og Arnarborg í Stykkishólmi er frá fimmtudegi til fimmtudags. Vikuleigan á Akureyri er frá miðvikudegi til miðvikudags.

Tímabilin eru:

Þverlág 2, Grýluhrauni 9, Borgarbyggð 12 Svignaskarði og Arnarborg í Stykkishólmi – frá 30.05.2024 til 29.08.2024.

Akureyri, - frá 29.05.2024 til 28.08.2024.

Báran, stéttarfélag

Austurvegi 56, 800 Selfoss – sími 480 5000

baran@baran.is - <https://www.baran.is>

Fjórar einkasýningar í Listasafni Árnesinga opna 2. mars

Listasafn Árnesinga opnar nú Laftur 2. mars nk. eftir jólafrí og framkvæmdir með fjórum spennandi sýningum.


Listamennirnir eru Erla S. Haraldsdóttir, Hrafnkell Sigurðsson, Kristinn Már Pálmason og Sigga Björg Sigurðardóttir & Mikael Lind.

Sýningarnar eiga allar sameiginlegt að vera dulúðlegar og marglaga með sögum inn í sögum sem tengjast óbeint með yfirnáttúrulegum blæ.

Erla S. Haraldsdóttir sýnir gvassverk auk blýantsteikninga með blaðgulli og málaðra skulptúra úr náttúru efnum og eru verkin unnin á árabílinu 2021 til 2024.

Skulptúrarnir í sýningu Erlu eru samansettir í rýmisinnsetningu, gerðir úr fjölda smárra steina sem hún hefur fengið að flytja frá „Melville Koppies“, vernduðu náttúrusvæði í Jóhannesarborg í Suður-Afríku, sem rakið hefur verið allt að þremur billjónum ára aftur í tíma, til steinaldar. Litrík málverkaröð Erlu S. Haraldsdóttur er unnin með olíu á striga en einnig beint á vegg í safnrýmisins. Með mynsturðum veggverkunum, sem innblásin eru af mynsturgerð kvenna af Ndbele ættbálknum í Suður-Afríku þar sem Erla býr sjálf; myndar hún marglaga tengingar milli þeirra hlutbundnu verka er endurspeglar þætti úr draumum langangömmu hennar um huldufólk.

Málverk Kristins Má



Pálmasonar eru stór að stærðum og sprúðandi af lífi, nánast á hreyfingu og draga okkur til sín líkt og hvírfilbyllur, svo mikið er að gerast á myndfletinum. Okkur birtast þar ýmis rúmfræðileg form, birtingarmyndir ýmiss tákna og vísanir í táknafræði fyrri tíma og samtímans, hlutbundin og óhlutbundin teikning, sums staðar handskrift og annars staðar náttúruleg form.

Myndbandsinnsetning Siggu Bjargar Sigurðardóttur og Mikael Lind, Hamflettur, er unnin sérstaklega fyrir sýninguna. Innsetningin samanstendur af 30 vídeóverkum og 30 hljóðverkum unnum fyrir 3 skjávarpa og 6 hátalara.

Sigga Björg vinnur jöfnum höndum að hlutbundnum og óhlutbundnum teikningum á pappír, ásamt því að mála og teikna beint á vegg. Hún hefur skapað fjölmörg myndbandsverk er byggja á stop-motion tækni þar sem hver rammi hreyfimyndarinnar er hand-

teiknaður.

Náttúran er ekki bara allt um lykandi heldur leynist hún sömuleiðis innra með okkur og hindrar okkur í að draga skörp skil milli ytri veraldar og innri vitundar. Þess vegna glímur Hrafnkell Sigurðsson við náttúruna eins og sá sem veit sig vera óaðskiljanlegan hluta hennar í einu og öllu. Hann spennir hornótt og áberandi tjöld sín - framandi aðskotahluti í líkingu við samhverfar geimstöðvar eða austurlenskar pagóður - andspænis mjallhvítu fönninni alltumlykjandi.

Hrafnkell hlaut aðalverðlaun íslensku myndlistarverðlaunanna árið 2023.

Opnun verður 2. mars og verður boðið upp á veitingar í boði Matkráarinnar í Hveragerði, þeir styrkja sýningarnar ásamt Safnasjóði og Uppbyggingsjóði Suðurlands.

Opið alla daga nema mánu-daga og aðgangur ókeypis.

Landsliðsbræður úr Þorlákshöfn

Bræðurnir Styrmir Snær og Tómas Valur Þrastarsynir voru báðir í hóp Íslands sem mætti Tyrklandi í Ístanbul sl. sunnudag í öðrum leik undankeppni EuroBasket 2023 þar sem Tyrkir sigruðu með naumindum 76-75.

Styrmir Snær er fæddur árið 2001 og hefur leikið 16 leiki fyrir landsliðið síðan hann lék sinn fyrsta leik árið 2021. Tómas Valur er hinsvegar fjórum árum yngri og var leikur sunnudagsins hans fyrsti fyrir A landsliðið, en báðir léku bræðurnir einnig upp öll yngri landslið Íslands.



Styrmir og Tómas. Ljósmynd: KKÍ.

MERKÚRGRÁR


Þessi er mjúkur og notalegur. Hlýlegur grábrúnn litatónn sem er grárri og dekkri en drappaður litur en samt ekki of mikið. Hentar vel í svefnherbergið, frábær í forstofuna eða bara hvar sem er. Hlutlaus jarðlitur sem er frábær einn og sér eða með dekkri brúnleitu litatónum.

Jóhanna
-Litaráðgjafi í BYKO

JÓHANNA
MÆLIR MEÐ



GJOCO
MÁLNING
OG LÖKK
-25%



MÁLNINGAR-DAGAR

Vnr. 80738127



NÚNA -25%
6.296
8.395



GJOCO ALLE ROM 2,7L.

Akrýl-innimálning sem hægt er að setja á vegg og loft. Hún er Svansvottuð, lyktarlítill og fljót að þorna. Alle Rom er þvottveldin og blettavarin sem gerir það að verkum að auðvelt er að þrifa þrátt fyrir að um matta málningu sé að ræða. Hún er með 5% gljástig.

Vnr. 80602727



NÚNA -25%
4.946
6.595



GJOCO SILKEMATT ROM 2,7L.

Gjoco Silkematt ROM er akrýl-innimálning ætluð á vegg. Hún hefur góða þekju og er slitsterk. Málningin er svansvottuð og lyktarlítill. Hún er með 10% gljástig sem er hefðbundinn glans á veggjum innandyr. Fáanleg í mörg hundruðum líta í 0.68L, 2.7L og 9L einingum.

Vnr. 80602809



NÚNA -25%
9.371
12.495



GJOCO PROFF TAK/LOFT

Loftmálning 2% - Gjoco Tak/Loft 02 er hvít vatnsþynnanleg PVA-innimálning ætluð á loft. Hún hefur góða þekju, er Svansvottuð og fljót að þorna. Hún er með 2% gljástig sem er hefðbundinn glans á loft innandyr. Fæst í 9L einingu.

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

„Hey, hvað segirðu um að við hættum í vinnunni og förum að ferðast um heiminn með börnin?“

Hjónin Álfheiður Björk Sæberg og Eva Dögg Jafetsdóttir hafa búið á Selfossi ásamt börnum sínum tveimur, Sindra Sæberg Evusyni 10 ára og Söru Sæberg Evudóttur 7 ára, síðan árið 2019. Eva vinnur í FSu, er þroskþjálfari í grunninn og er í meistaranámi í kennslufræðum við Háskólann á Akureyri. Álfheiður er einnig þroskþjálfamenntuð en hefur að auki lokið markþjálfanámi og hefur verið að vinna við námskeiðshöld í markþjálfun, ásamt vinkonu sinni, og er nýbyrjuð í nýju starfi.

Blaðamaður Dagskrárinnar hafði samband við þær Álfheiði og Evu og fékk innsýn í líf þeirra sem hefur verið ansi viðburðaríkt síðan leiðir þeirra lágu saman.

Ástin blómstraði eftir ógleymanlega Noregsferð

„Við áttum sameiginlega vinkonu og hittumst reglulega í partýum í gegnum árin. Það var samt ekki fyrir en sú vinkona flutti erlendis að við ákváðum að plana ferð til hennar og þurftum þá að kynnst betur áður og halda nokkra ferðafundi sem urðu alltaf fleiri og fleiri,“ segir Eva. „Já við urðum bara bestu vinkonur mjög fljótt og svona. Við fórum svo í ógleymanlega ferð til Noregs og eftir þá ferð byrjaði bara ástin að blómstra, eins væmið og það hljómar en oh well,“ bætir Álfheiður hlæjandi við.

Það var í nóvember 2009 sem þær fóru að rugla saman reytum, ári síðar voru þær trúlofaðar og giftu sig svo í júlí árið 2011. „Við fórum í brúðkaupsferð til Tælands sem aldrei gleymist. Ég hafði farið áður til Asíu en ekki Eva svo það var gaman að upplifa hennar fyrstu kynni af Asíu. Við gerðum bara allt það sem okkur langaði og það var dásamlegt,“ segir Álfheiður dreymin. Eva bætir við að þær sjái sko ekki eftir því. „Við vorum í mánuð og hefðum viljað vera lengur. Lofuðum hvor annarri að við myndum snúa aftur í framtíðinni á þessar slóðir, sem við gerðum svo 7 árum seinna þegar við fórum í stóra Asíureisu með börnin okkar tvö,“ bætir Eva við.

Þær segjast hafa farið að ræða barn-eignir strax eftir brúðkaupsferðina. „Við tókum að okkur hund, Töru litlu, og það var dásamlegt að eiga hana, árið 2013 fæddist svo litli prinsinn okkar og árið 2016 fæddist prinsessan,“ segir Álfheiður.

„Aldrei neitt stór athöfn að koma út úr skápnum“

Álfheiður segir að sér hafi fundist ótrúlega erfitt að koma út úr skápnum. „Ég var svo hrædd við það hvernig fjölskylda



og vinir myndu taka því en svo var það bara ekkert mál og allir voru bara ótrúlega jákvæðir og tóku þessu vel.“ Fyrir Evu gekk það ferli ansi hratt, enda þá þegar ástfangin upp fyrir haus. „Um leið og við Álfheiður byrjuðum saman officially, þá fór ég bara hringinn og sagði mínum nánustu, á sama degi meira að segja. Þannig þetta var aldrei neitt stór athöfn að koma út úr skápnum, sem það auðvitað á ekkert að vera, en athöfnin við að segja að ég hefði fundið ástina var stærri. Ég var 26 ára og allir voru bara ánægðir fyrir mína hönd og hlökkðu til að kynnst Álfheiði.“

Jákvæð reynsla af foreldrahlutverkinu

Álfheiður og Eva segjast blessunarlega ekki hafa lent á neinum hindrunum í því ferli að verða samkynja foreldrar. „Fæðingardeildin setti límmiða á fæðingarspjaldið sem fór yfir merkinguna „faðir“ og leikskólarnir tóku alltaf mið af því þegar kom t.d. að „feðradögum“ eða eitthvað slíkt, breyttu því í bóndakaffi eða hvöttu alla að bjóða pöbbum og öfum. Þannig við höfum bara mjög jákvæða reynslu.“

Aðspurðar um ráð til hinsegin fólks sem hefur hug á að stofna fjölskyldu segja þær: „Go for it! Það er allavega það besta sem við höfum gert!“ og brosa út að eyrum.

Þurfti enga sannfæringu

En hvað varð til þess að þær ákváðu að segja skilið við allt og þvælast með tvö ung börn í aðra heimsálfu? „Það var bara einhver hugmynd sem ég varpaði til Evu einn daginn og hún þurfti enga sannfæringu,“ segir Álfheiður og hlæjandi Eva bætir við: „Nei, þetta var ótrúlega hratt ferli. Álfheiður kom bara heim og sagði: „Hey, hvað segirðu um að við hættum í vinnunni og förum að ferðast um heiminn með börnin?“ Og ég bara ókei, gerum það!“ Þær líta hver á aðra og hlæja.

Átta mánuðir í undirbúning

Ákvörðunin var tekin í október 2017 og fjölskyldan flaug af landi brott í júní 2018. „Þannig við nýttum bara þessa mánuði til að borga upp skuldir og safna okkur. Ákváðum að byrja í Asíu því þar er allt frekar ódýrt, við seldum allt sem við gátum selt, settum svo íbúðina í Seljahverfinu á leigu og þá gátum við lifað góðu lífi þarna úti,“ segir Álfheiður.

„Hoppuðu bara“ til Suður-Kóreu

„Við fórum víða í Asíu. Við keyptum one-way ticket til Bangkok, vorum þar í mánuð og fórum svo til Víetnam og ferðuðumst þar í 5 vikur. Átluðum þaðan til Japan en fellibylur eyðilagði flugvöllinn svo við hoppuðum bara til Suður-Kóreu í millitíðinni. Skelltum okkur svo frá Japan til Filippseyja þar sem frændi Álfheiðar býr og þá tók ferðin bara krappa beygju. Við fengum að upplifa fallegasta staðinn sem var eyjan Boracay og hún stal svolítið hjartanu okkar,“ segir Eva.

„Já allt í einu langaði okkur að hægja á ferðinni og staldra við. Við vorum öll orðin þínu uppgefin og vantaði bara að slaka á. Ná smá festu. En við vorum búin að plana að hitta pabba minn og konuna hans í Kambódíu og svo tengdó í Tælandi,“ bætir Álfheiður við. Það fór því svo að þau geymdu Boracay í smá stund og héldu ferðinni áfram, áttu ljúfar stundir með fjölskyldunni í Kambódíu og Tælandi áður en þau sneru aftur til Boracay til að setjast þar að um stund.

Opnu samfélagsmiðlarnir undu upp á sig

Aðspurð hvort það hafi eitthvað sérstakt staðið upp úr ferðalögunum segir Eva: „Úff, það er svo mikið. Við eigum endalaugar minningar og skemmtilegar sögur. Við ákváðum að vera með opið Snapchat og Instagram og leyfa fólki svona að sjá hvað við værum að gera og fylgjast með. Það vatt alveg upp á sig og margir sem nutu þess greinilega að upplifa og sjá. Við fengum ótrúlega jákvæð viðbrögð og sumir ennþá að fylgjast með okkur. Sem er bara gaman. Við erum ekki alveg eins duglegar að deila núna en tókum alveg syrrur.“

Álfheiður bætir við að þær hafi nýtt vettvanginn sem innblástur til að skrásetja ferðina. „Við eigum bara endalaust af myndböndum og myndum sem sýna alla ferðina. Það er eitthvað inn á Instagram-síðunni og Eva er dugleg að setja

í highlights. Það er bara svo magnað að geta rifjað þetta upp!“ En áhugasamir geta skoðað ævintýri fjölskyldunnar á @worldtravelmoms á Instagram.

„En það sem stendur kannski mest upp úr og breytti öllu er þegar við fórum til Filippseyja og kynntumst betur frænda hennar Álfheiðar. Hann kynnti okkur fyrir allt öðrum lífsstíl en við erum vanar, sem við ákváðum að prófa í nokkra mánuði og nutum þess í botn. Við settumst sem sagt að á eyjunni Boracay þar sem Sindri fór í skóla og krakkarnir lærðu ensku meðal annars,“ bætir Eva við.

„Maður veit aldrei“

Aðspurðar um menningarmuninn í garð hinsegin fólks í ólíkum heimsálfum segjast þær aldrei hafa lent í neinu, enda alltaf með vaðið fyrir neðan sig. Þær séu mjög meðvitaðar um að það sé fólki þarna úti sem er uppfyllt af hatri og fordómum í garð hinsegin fólks og það geti til dæmis verið hættulegt fyrir þær að leiðast á almannafæri, eins galið og það kann að hljóma. „Stundum er bara betra að segjast vera vinkonur eða systur því maður veit aldrei og það síðasta sem maður vill er að setja sig eða börnin í hættu. Það er alveg ömurlegt að þurfa að hugsa svona en því miður er það raunin.“

„Komið fint í bili“

En hvað varð til þess að þær ákváðu að koma aftur heim úr hlýjunni í Asíu? „Það var bara einhver tímamunktur þarna úti að við litum á hvor aðra og vissum bara að þetta væri komið fint í bili,“ segir Álfheiður. „Já, þetta gerðist mjög hratt. Og við einhvern veginn vildum ekki fara bara í sama farið heima eins og ekkert hafi í skorist svo við ákváðum að flytja á Selfoss. Ég fór í atvinnuviðtal í gegnum Facebook Messenger, þetta var svona áður en við lærðum á Teams,“ segir Eva og hlær. „Ég fékk vinnuna og nokkrum dögum seinna fór ég heim. Ég lagði af stað á föstudegi og var komin heim á sunnudagsmorgun og byrjaði að vinna á mánudeginum.“ Álfheiður og krakkarnir vildu vera aðeins lengur svo Eva gerði sér lítið fyrir, byrjaði í nýrri vinnu, varð þeim úti um íbúð á Selfossi og flutti allt þangað með góðri hjálp, áður en restin af fjölskyldunni kom heim um 2 vikum síðar.

Hatursorðræðan hefur áhrif

Aðspurð hvort þær hafi fundið fyrir fordómum frá Íslendingum segir Eva: „Ekkert til að tala um svo sem, auðvitað er maður meðvitaðri um orðræðu fólks, fordóma og þess háttar. En við höfum verið frekar heppnar með það. Hatursorðræðan í samfélaginu hefur auðvitað





áhrif og bakslagið og umræðan stingur mann, verandi hluti af hinsegin samfélaginu. En ég held bara sé ótrúlega mikilvægt að auka sýnileikann og jákvæða umræðu og fræðslu yfir höfuð.“

„Sindri hefur reyndar nokkrum sinnum talað um stríðni frá krökkum um að hann eigi „bara“ tvær mömmur og engan pabba,“ bætir Álfheiður við.



Skiptir máli að hafa fjölbreyttar fyrirmyndir

„Við erum ótrúlega meðvitaðar um að tala opinskátt um allt og fagna fjölbreytileikanum en auðvitað er erfitt þegar svona kemur upp á. Þá er bara aftur einmitt mikilvægt að auka fræðsluna. Ég reyni að vera mjög opin með minn hinseginleika við nemendur mína og bara almennt. Og ég finn alveg að það skiptir máli. Að hafa fjölbreyttar fyrirmyndir. Ég held að það sé líka ástæðan fyrir því að við séum ennþá með opið Instagram, að það er bara að sýna fjölbreytileikann sem er svo mikilvægt. Það er svo mikilvægt að geta speglað sig og sjá aðra,“ segir Eva.

„Mikilvægt að það séu eldhugar sem brenna fyrir því að öllum líði vel“

Aðspurð um stöðu hinsegin samfélagsins í Árborg segir Eva:

„Það er auðvitað leitt að ein stærsta bæjarhátíð sveitarfélagsins er á sama tíma og stærsta hinsegin gleðin er í Reykjavík, Gleðigangan eða Reykjavík Pride, svo við þurfum yfirleitt að velja á milli. En staðan er klárlega að breytast á jákvæðan hátt. Við sjáum það alveg sérstaklega með þessari hinsegin viku t.d. og hvernig hún hefur þróast þessi 3 ár sem hún hefur verið. En ég held að það sé bara mjög mikið að þakka þeim eldhugum sem standa á bak við hana. Það er mikilvægt að það séu eldhugar sem brenna fyrir því að öllum líði vel, fái skilning og öryggi. Því miður er það bara ekki alltaf þannig. Við þurfum að auka fræðsluna en þá er líka gaman að segja frá því að kynjafræði sem áfangi er að ryðja sér til rúms í framhaldsskólanum sem skyldufag og að er auðvitað að þakka flottu fólki sem sér mikilvægi þess að fræða um þessi mál-efni. Það mætti auðvitað auka fræðsluna og innleiða hana betur á sem flestum sviðum en vonandi er þetta í réttum farvegi og fer sína góðu leið.“

„Fræðum þau sem vilja fræðast“

Nú er Hinsegin vika Árborgar haldin hátíðleg í þriðja sinn, hvað ætlið þið að gera til að halda upp á það? „Ætli við fylgjumst ekki bara með sveitafélaginu lifna við og svona. Tökum þátt í gleðinni og bara nýtum tækifærið og fræðum þá sem vilja fræðast. Maður fær alltaf hlýtt í hjartað þegar hinseginleikinn er sýnilegur og fólk fer að líta inn á við og athuga hvað það getur gert til að sýna stuðning.“

En að lokum, eruð þið komin til að vera á Selfossi? „Já, ég held að það sé alveg nokkuð öruggt. Nú ekki nema við fáum aðra svona ferðaflugu í hausinn,“ svarar Álfheiður og þær hlæja báðar. *HGL*



Viltu leiða þróunarstarf í framsæknum grunnskóla?



Vegna umfangsmikilla framtíðarverkefna óskar Þjórsárskóli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eftir að ráða öflugan aðila í starf deildarstjóra og umsjónarkennara yfir unglingstigi. Mikil tækifæri eru í boði fyrir réttan einstakling sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi verkefni og skemmtilegar áskoranir.

Skólinn starfar eftir nýrri og framsækinni skólastefnu þar sem áhersla er á lifandi og sveigjanlegt námsumhverfi, samstarf, nýsköpun, fjölbreytta kennsluhætti og umhverfis- og sjálfbærnimennt í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á næsta skólaári verða rúmlega 50 nemendur í 1.-8. bekk í skólanum. Eftir tvö ár verður skólinn orðinn heildstæður grunnskóli og mun deildarstjórinn leiða vinnu við undirbúning þess í samvinnu við stjórnunarteymi skólans. Á heimasíðu skólans, www.thjorsarskoli.is, eru frekari upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Um er að ræða 100% starf sem skiptist í 50% starf sem deildarstjóri og 50% starf sem umsjónarkennari á unglingastigi.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Annast skipulagningu og þróun kennslu á unglingastigi
- Þátttaka í þróun skólastarfs á öllum námsstigum í samræmi við skólastefnu
- Umsjónakennari með 8. bekk
- Þróun félagsstarfs í skólanum
- Samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra

Menntunar – og hæfniskröfur:

- Réttindi til kennslu í grunnskóla og reynsla af kennslu á unglingastigi
- Framhaldsmenntun í kennslufræði / stjórnun eða sambærileg menntun
- Reynsla af skólaþróunarstarfi og hæfni við að leiða það æskileg
- Samskiptahæfni, leiðtogaþæfileikar, frumkvæði, sjálfstæði og áhugi á að leita nýrra leiða í skólastarfi með þeim hópi fagfólks sem starfar við skólann.

Hæfni í að haga í störfum sínum með velferð og menntun nemenda að leiðarljósi og koma fram við þá af virðingu og fagmennsku.

Nánari upplýsingar veita Bolette Höeg Koch, skólastjóri, sími 895 9660, netfang: bolette@thjorsarskoli.is og Vilborg Ástráðsdóttir, formaður skólanefndar, sími 863 9689, netfang: vilborg@skeidgnup.is. Skriflegar umsóknir, ásamt ferilskrá, prófskírteinum, sakavottorði og upplýsingum um fyrri störf sendist í tölvupósti á bolette@thjorsarskoli.is fyrir 22. mars 2024 Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Réttur er áskilinn til að hætta við ráðningu og/eða auglýsa stöðuna að nýju.

Öll sem uppfylla hæfisskilyrði eru hvött til að sækja um. Umsækjandi má hvorki hafa hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, né hafa hlotið refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Rétt er að vekja athygli á að við ráðningu er heimilt að sækja upplýsingar úr sakskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur hafi hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, að veittri fræðslu til hans þar að lútandi.



Maður og efni í FSu

Myndlistarnemar FSu halda áfram uppteknum hætti að setja upp sýningu í opinberu sýningarrými utan skólans. Það eru nemendur í framhaldsáföngum sem fá þjálfun í uppsetningu og kynningu á eigin verkum. Að þessu sinni eru það nemendur í áfanganum Maður og efni sem sýna í Listagjanni á Bókasafni Árborgar 23. feb. – 15. mars. Verkin eru unnin á haustönn 2023.

Í áfanganum Maður og efni er fengist við mótélteikningu. Mannslíkaminn er teiknaður frá öllum hliðum í ýmsum stellingum, ýmist líkamspartar eða öll manneskjan. Fyrirmyndirnar eru mest megnis lifandi mótél en einnig ljósmyndir og teikningar. Verkin sýna manninn umhverfi og er unnin með ýmis konar aðferðum þar sem mismunandi stílbrigði frá mismunandi tímabilum

og heimshlutum eru áhrifavaldar.

Fjölbreytt starf

Það er margt á seiði á listalínu FSu og áhugi nemenda mikill. Boðið er upp á fjölbreytt úrval áfanga sem opnir eru öllum nemendum burtséð frá því hvort þeir eru á listalínu eður ei. Það er alltaf gefandi og gaman fyrir kennsluna að fá eldra fólk með áhuga á skapandi greinum inn í hinn hefðbundna nemendahóp.

Meðal hins mikla úrvals af skapandi áföngum sem boðið er upp á í FSu ásamt myndlist má nefna stafræna smíðu (Fablab), ljósvakamiðlun, leiklist, textíl hönnun, grafíska hönnun og öflugt kórstarf.

Við bílastæði FSu eru 100 m langur veggur sem undanfarin 8 ár hefur verið myndskreyttur af nemendum í veggjalaráfanga. Á þessum árum hefur hann

nokkrum sinnum fengið nýjar myndir á sig og nú í vor mun um helmingur hans ganga í endurnýjun lífdaga með nýjum listaverkum þar sem þemað heldur áfram að vera bókmenntir, sögur og ævintýri. Sú hlið veggjarins sem vísar að íþróttasvæði er einnig myndskreytt að hluta og þar er íþróttapema. Það er um að gera fyrir fólk að gera sér ferð á þessa ókeypis listasýningu.

Það er stefna okkar að miðla verkum nemenda sem víðast og til þess höfum við vefsíðu á Facebook sem heitir FSu myndlist, nýsköpun og miðlun. Þar má sjá úrval verka úr þeim áföngum sem við kennum. Bæði þjónar síðan sem kennsluefni og ekki síður fyrir listunnendur að njóta.

Myndlistarkennarar FSu
Ágústa og Anna Kristín



NÝ SÝN
2. mars - 25. ágúst
LISTASAFN
ÁRNESINGA



Erla S. Haraldsdóttir *Draumur móður minnar*
Hrafnkell Sigurðsson *Loftnet*
Kristinn Már Pálmason *Kaparsis*
Sigga Björg & Mikael Lind *Hamflettur*

www.listasafnarnesinga.is // opið 12-17 þriðjudaga-sunnudaga // frítt inn



Um 200 gestir á fyrsta Nýsköpunar- og vísindadegi HSU

Þann 20. febrúar var Nýsköpunar- og vísindadagur HSU haldinn í fyrsta sinn. Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra opnaði daginn og fagnaði framtaki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands að standa fyrir degi sem þessum, en um 200 manns sóttu viðburðinn.

Alls voru flutt níu erindi um nýsköpunarverkefni sem hafa nýlega verið innleidd eða eru í innleiðingu á stofnuninni: Leviosa, nýtt sjúkraskrárkerfi, Dignio fjarheilbrigðisþjónusta, nýtt verklag á HSU; endurbætt ferli vegna móttöku þolenda ofbeldis, heimaspítali, krabbameinslækningar á Suðurlandi, gervi-

greind í myndgreiningu, slag innan tímamarka, geðheilsuvernd á meðgöngu og heilsa og næring barna. Langflest erindin voru haldin af starfsfólki HSU og öll til fyrirmyndar.

Heilbrigðisstofnunin Suðurlands er stöðugt að leita nýrra leiða til að þjóna samfélaginu og leggur ríka áherslu á rannsóknir og þróun í nýsköpun til að efla gæði þjónustunnar.

Starfsfólk stofnunarinnar býr yfir ótrúlegri orku sem er lykillinn í að ná árangri á þessari vegferð en það hefur unnið að fjölda spennandi verkefna sem voru kynnt í gær.



Fjögur af fjórum atriðum Dansakademíunnar áfram á heimsmeistaramót í Prag

A frekshópur Dansakademíunnar tók þátt fyrir hönd skólans í undankeppni Dance World Cup, sem haldin var í Borgarleikhúsinu, þann 19. febrúar sl. Þar kepptu á þriðja hundrað nemendur frá listdansskólum víðsvegar af landinu um að ná sér í keppnisrétt fyrir heimsmeistaramótið í dansi sem haldið verður í Prag nú í sumar. Hópurinn samanstendur af 8 dansnemendum á aldrinum 11-16 ára og stóðu þær sig með þrýði. Þær kepptu með 4 dansatriði sem öll unnu sér inn þátttökurétt með glæsibrag og komast því áfram með atriðin á heimsmeistaramótið Dance World Cup.

Það er greinilegt að hér á Suðurlandi leynast ungir og efni-legir dansarar og áhuginn fyrir listdansi í ört stækkandi samfélagi í Árborg leynir sér ekki. Nú æfa um 220 börn og ungmennti hjá Dansakademíunni, eftir einungis tvö og hálft ár í rekstri, og því mikilvægt að hlúa að sviðslistum hér í samfélaginu til að auka tækifæri þessara dansara í framtíðinni. Eigendur Dansakademíunnar, þær Gerður og Ástrós, telja stóran lið í þeirri vegferð vera að veita dansnemendum sínum sömu tækifæri og aðrir dansnemar fá annarsstaðar á landinu. Dansnám er frábært alhliða grunn nám í sviðslistum, þar sem hreyfing, leiklist og tónlist eru sameinuð í eitt.

Þær Elísa Rut Sigurðardóttir og Áslaug Rún Davíðsdóttir voru sammála um að það hefði verið ólýsanleg upplifun að keppa í svona stórrí keppni, á stóru sviði, með fullan sal af áhorfendum. „Bæði var það skemmtilegt en stressandi á sama tíma. Um leið og við vorm komnar á sviðið gleymdum við okkur í dansinum og nutum hvers augnabliks.“

„Það sem ég hef lært mest af í æfingaferlinu er að það er allt í lagi að gera mistök, við lærum af þeim og vöxum, bæði sem dansarar og einstaklingar,“ segir Elísa.

„Það hefur verið rosalega gaman að fá að æfa svona mikið með stelpunum. Hópurinn hefur styrkst og við höfum orðið betri vinkonur eftir þessa upplifun. Það sem stendur uppúr er góður árangur eftir þrotlausar æfingar en öll atriðin náðu þátttökurétti á heimsmeistarmótinu Dance World Cup sem haldið verður í Prag í sumar,“ segir Áslaug.

Auk þess að vinna sér inn þátttökurétt, hlutu tvö keppnisatriði stelpnanna bronsverðlaun og eitt atriðið gullverðlaun. Stelpurnar eru á fullu í fjáröflun núna til að standa straum af kostnaði við þátttöku þeirra í Dance World Cup. Leita þær nú eftir sunnlenskum fyrirtækjum sem vilja ólm styðja við þær í þessu stórkostlega ferða-

lagi. Áhugasömum er bent á að hafa samband við formann foreldrafélagsins fyrir frekari

upplýsingar um styrkveitingar: Ragnheiður Kristinsdóttir, ragnheiðurk@simnet.is.



KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN GRENADIER

Enginn bíll hefur verið eins mikið þróaður á Íslandi og hugmyndin á bakvið hann er einfaldlega sú að hann standist allar þær kröfur sem að við gerum til alvöru jeppa.



Prufubíll á staðnum til 6.mars

AFLVÉLAR

Gagnheiði 35, 800 Selfoss, sími 480-0000
www.aflvelar.is

Kátir dagar og Flóafár framundan

Segja má að viðburðirnir Kátir dagar og Flóafár séu vorhátíð FSu sem tengja má við hækkanði sól og karnívalstemningu eða blót í lok þorra eða bros í byrjun góu. Á Kátum dögum er boðið upp á ýmis og fjölbreytileg námskeið en Flóafár er innbyrðis keppni nemenda í öllum þeim námsgreinum sem FSu býður upp á – og um leið er Flóafár skemmtun þar sem sköpunin og fjölbreytileikinn ræður ríkjum. Ekki er þar keppt til einkunna heldur til gagns og gamans innan skólasamfélagsins. Flóafár er loka-hnykkur Káttra daga og hefst núna að morgni föstudags 1. mars klukkan 9.00 en dagana á

undan hafa nemendur kætt sig á námskeiðum og samveru í tvo daga.

Flóafár er í raun og veru mjög merkilegur viðburður í sögu skólans en fyrsta farið fór fram 27. febrúar árið 1998 og hefur haldist allar götur síðan. Sumir segja að Kátir dagar og Flóafár séu skemmtilegstu viðburðir hvers skólaárs því þá sleppa menn höndum og huga af beinni kennslu og bóklestri – stofurnar og allt rými skólans fær nýja merkingu. Skólahúsnæðið iðar af lífi og allt leysist upp eins og í karnívali. Starfsfólk klæðist óvenjulegum búningum og nemendur hópast í lið sem eru búin til og skipulögð af

þeim sjálfum. Kennarar búa til þrautir þvert á kennslugreinar. Þannig býr efnafræðikennari til þraut í íslensku og enskukennarinn fer í hlutverk myndlistarkennarans. Spænskuþrautin er í höndum smíðakennarans og félagsfræðin eða sálfræðin verða að viðfangsefni íþróttar eða smíðagreina. Öllu er snúið á haus.

Áhugasömum er bent á að mæta og ganga inn um aðaldyr skólans kl 9.00 á föstudagsmorgun til að verða vitni að Flóafári.

jöz.



Moskvít gefur út lagið Þú

Að morgun, föstudaginn 1. mars kemur út nýtt lag frá sunnlenska bandinu Moskvít sem ber heitið Þú, en lagið er fyrsta lag Moskvít sem gefið er út á Íslensku, en ensk útgáfa lagsins You, kemur sömuleiðis út þann 1. Lagið var framlag Moskvít til Söngkeppni Sjónvarpsins en náði því miður ekki inn í keppnina. Þeir láta þó ekki deigann síga og segja að það sé alltaf hægt að reyna aftur.

„Lagið þú fjallar um fólk sem er ofboðslega upptekið af sjálfu sér. Fólk sem má segja

að séu „atvinnu fórnarlömb“, sem lenda alltaf í einhvernu, en að þeirra sögn gerðu aldrei neitt til að koma sér í þær aðstæður. Stundum er það reyndar vandamálið, að gera ekki neitt. Þeirra Satan er sá sem bendir á hvað viðkomandi gæti gert betur,“ segir í tilkynningu frá Moskvít.

Þú er hresst og skemmtilegt lag sem auðvelt er að syngja með og eru strákarnir spenntir að heyra hvernig fólk tekur í þennan nýja smell, en blaðamaður getur staðfest það á meðan hann raular viðlagið í sífellu

við þessi fréttaskrif, eftir eina hlustun.

HGL



Frískir Flóamenn, ÍBR og BFÁ framlengja samstarf um þrjú ár

Í febrúar sl. var skrifað undir nýjan samstarfssamning milli Frískra Flóamanna, ÍBR-viðburða og Björgunarfélags Árborgar um framkvæmd Laugavegshlaupsins til næstu þriggja ára. Laugavegshlaupið fer fram um miðjan júlí ár hvert og nýtur fádæma vinsælda á meðal hlaupara bæði á Íslandi og erlendis en þátttaka hefur verið milli 600 og 700 hlauparar. Hlaupið hefst í Landmannalaugum og endar í Húsadal í Þórsmörk. Frískir Flóamenn leggja til um 40 manns í sjálfböðavinnu við drykkjarstöðvar og brautarvörslu á átta stöðvum á leiðinni. Björgunarfélag Árborgar leggur

til mannskap, bíla og búnað til að flytja sjálfböðaliða, varning, drykki og mat á allar stöðvarnar og auk þess sjá þeir um flutning á búnaði hlaupara sem þeir geta sótt í á miðri leið og gæta öryggis þar sem vaða þarf ár og víðar.

Mikil vinna og skipulagning er nauðsynleg til að hægt sé að framkvæma slíkan viðburð á hálendi Íslands, utan alfaraleiða.

Aðilar að samstarfssamningnum hafa átt farsælt samstarf um framkvæmd Laugavegshlaupsins a.m.k. frá árinu 2006 og því afar ánægjulegt að semja um áframhaldandi samstarf um þetta skemmtilega verkefni.



Ágúst Ingi Kjartansson formaður BFÁ, Ragna Björg Kristjánsdóttir frá ÍBR viðburðum og Aðalbjörg Skúladóttir formaður FF

Aðalfundur Sjálfstæðisfélagsins í Hveragerði

Þann 20. febrúar síðastliðinn fór aðalfundur Sjálfstæðisfélagsins í Hveragerði fram í húsnæði félagsins að Mánamörk 1 og mættu hátt í 40 manns á fundinn. Hjalti Helgason stjórnar-aði fundi og Thelma Rós Kristinsdóttir ritaði fundargerð.

Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf. Ingibjörg Zoëga, formaður félagsins, gerði grein fyrir störfum stjórnar og félagsins og Geir Guðjónsson, gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningi félagsins sem kom ljómandi vel út og má sjá í heild sinni á heimasíðu félagsins, bla-hver.is.

Sjálfstæðisfélagið í Hveragerði á 31 fulltrúa í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Árnes-sýslu sem voru kjörnir á fundinum og þá voru 10 fulltrúar kjörnir í kjördæmisráð.

Ingibjörg Zoëga var endurkjörin formaður félagsins og aðrir í stjórn voru kjörin Kristján

Á. Gunnarsson, Geir Guðjónsson, Hanna Lovisa Olsen, Lilja Björg Kjartansdóttir, Sighvatur Fannar Nathanaelsson og Jón Aron Sigmundsson kom inn í stað Thelmu Rósar Kristinsdóttur sem gaf ekki áframhaldandi kost á sér. Thelmu var þakkað kærlega fyrir sín störf í þágu félagsins af fundinum. Í varastjórn voru kjörin Elín Engilbertsdóttir, Nína Margrét Pálmadóttir og Birkir Sveinsson. Á stjórnarfundinum aðalfundi loknum var Kristján kosinn varaformaður, Geir kosinn gjaldkeri og Hanna Lovisa kosin til að taka við starfi ritara félagsins af Thelmu.

Í lok fundar flutti Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, ávarp og fór hún meðal annars yfir útlendingafrumvarpið sem nú er til umræðu á þingi og önnur málefni sem tengjast Dómsmálaráðuneytinu.



Stjórn Sjálfstæðisfélags Hveragerðis. Á myndina vantar Birkir Sveinsson.



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 30. gr. með vísan í 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi skipulagslýsing:

1. Aðalskipulag Árborgar 2020-2036 - Breytingar á ASK 2024 - SKIPULAGSLÝSING

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 21.2.2024 lýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Breytingin er samþykkt í samræmi við 30. og 36 gr. skipulagslaga nr.123/2010 .

Með skipulagslýsingu er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að stefnu aðalskipulagsbreytingar. Fyrirhugaðar breytingar snúa að þéttbýlinu Selfossi, fyrir utan að sett er inn nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu í landi Stóra-Hrauns auk breytinga í landi Votmúla1, Lóustaði1, og Votmúla 3. Tillögur að skipulagsbreytingum verða eftir atvikum unnar og kynntar-auglýstar einar sér eða nokkrar saman í tillögu. Fyrirhugaðar breytingar eru gerðar vegna breyttra hugmynda sveitarfélagsins um landnotkun, vegna óska landeigenda/lóðarhafa og til að heimila nýtingu jarðhita, auk leiðréttinga og skörunar á landnotkunarflokkum.

Breytingarnar taka til eftirfarandi þátta:

1. Miðsvæðið M3 breytist í íbúðarbyggð. Heimilt verður að vera með hverfisverslun á lóðum næst hringtorgi Eyraveggar og Suðurrhóla.
2. Tjaldsvæði fyrir utan á. Unnið er að útfærslu á framtíðar tjaldsvæði. Gera þarf lítilsháttar breytingu á afmörkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis vegna þess.
3. Borhola hitaveitu. Sett verður inn borhola hitaveitu suðvestan við SS.
4. Selfossflugvöllur. Vesturbraut flugvallarins verður stýtt, tekin út sá hluti hennar sem er á landi í einkaeigu. Hindranaflötum breytt til samræmis.
5. Kjallarar á Selfossi. Heimilt verður að vera með kjallara á Selfossi. Gildir það líka um flóðasvæði, en mannvirki á slíkum svæðum skulu uppfylla tiltekin skilyrði ef gert verður ráð fyrir kjallara.
6. Lóðin Austurvegur 20 verður öll miðsvæði. Í dag er um helmingur hennar samfélagsþjónusta.
7. Verslunar- og þjónustusvæðinu VP8 og þeim hluta samfélagsþjónustu S5 sem nær til leikskólans Gláðheima verður breytt í miðsvæði.
8. Iðnaðarsvæðinu I1 verður að hluta til breytt í athafnasvæði AT2 og að hluta eða öllu leyti breytt í verslunar- og þjónustusvæði.
9. Sett verður inn nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu í landi Stóra-Hrauns.
10. Íbúðarbyggðinni ÍB27 verður breytt til baka í athafnasvæði (AT5) eins og var í eldri skipulagi.
11. Á hluta af opnu svæði, norðan við Sunnulækjarskóla, verður heimilt að útbúa aðstöðu fyrir skátana.
11. Syðsti hluti Votmúla 1, L166214 og landspildna Lóustaðir 1, L229747 og Votmúli 3, L213238 verði breytt úr núverandi landnotkunarflokki L2, í L3.

Skipulagslýsing verður kynnt í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og með auglýsingu í Dagskránni auk þess að vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins Árborgar arborg.is Umsagnir skulu vera skriflegar og berast í Skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafreist. Með kynningu skipulags- og matslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytingarinnar. Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum: Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Vegagerðin, Veðurstofan, Flóahreppur, Sveitarfélagið Ölfus, Umhverfisstofnun, Minjastofnun og Náttúrfærðistofnun Íslands.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur :

Skipulagsnefnd Árborgar hefur um nokkurt skeið horft til þess að reyna að þétta byggð, þar sem þess er kostur. Hefur verið horft sérstaklega til aðra lóða sem einhverra hluta vegna hafa staðið þannig árum saman í þegar byggðum hverfum. Í einhverjum tilfellum hafa umræddar „lóðir“ verið leiksvæði, sem í árunna rás hafa ekki verið nýttar. Nefndin telur að það sé ávinningur fyrir sveitarfélagið Árborg, að það séu byggð hús á lóðunum, innan um önnur íbúðarhús, og myndist þá heildstæð götummynd á hverju svæði fyrir sig. (Ofangreindur texti á við tillögur 2,3 og 4.)

2. Stekkholt - Deiliskipulag íbúðabyggðar

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 21.2.2024 deiliskipulag íbúðabyggðar í Stekkholti, á Selfossi. Meginmarkmið deiliskipulagstillögunnar er að gera deiliskipulag fyrir götummyndina við Stekkholt, og þá sérstaklega vegna lóðar nr. 22. Lóðin Stekkholt 22, er 1335m² að stærð. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja á umræddri lóð allt að 460m² einbýlishús, með bílskúr, og er þá miðað við nýtingarhlutfallið 0.35. Mesta leyfilega vegghæð /mænishæð er 4.0m. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036

3. Stjörnusteinar 7 og Heiðarbrún 2-8a - Deiliskipulag íbúðargötu

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 21.2.2024 deiliskipulag íbúðabyggðar fyrir lóðirnar Stjörnusteina 7 og Heiðarbrún 2-8a, á Stokkseyri. Meginmarkmið deiliskipulagstillögunnar er að gera deiliskipulag fyrir heildargötummyndina fyrir lóðirnar Stjörnusteina 7 og Heiðarbrún 2-8a, á Stokkseyri. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036. Fyrir eru í gildi deiliskipulög fyrir lóðina Heiðarbrún 6 og Heiðarbrún 8, og munu þau falla úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags.

4. Álfstétt 1 og Eyrargata 2 - Deiliskipulag íbúðarlóða

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 21.2.2024 deiliskipulag íbúðarlóða við Álfstétt 1 og Eyrargötu 2 á Eyrarbakka. Meginmarkmið deiliskipulagstillögunnar er að gera deiliskipulag lóðirnar við

Eyrargötu 2 og Álfstétt 1 á Eyrarbakka. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036. Lóðin Eyrargata 2, er 832,0m² að stærð og lóðin Álfstétt 1, er 926,0m² að stærð. Innan byggingarreita er heimilt að reisa einbýlishús og bílskúr og skulu allir byggingarhlutar rúmast innan byggingarreits. Nýtingarhlutfall er allt að 0,3 fyrir hverja lóð. Íbúðarhús skulu vera 1-2 hæðir með portbyggðu risi og mænispaki. Bílskúr má vera frístandandi eða sambyggður húsi.

5. Austurás L 208094 - Deiliskipulag frístundahúsa og aðstöðuhús

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 21.2.2024 deiliskipulag frístundahúsa auk aðstöðuhús í landi Austuráss L208094. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 4 frístundahúsum, auk aðstöðuhús, á 3ha spildu, norðan Votmúlavegar, við Lækjarmótaveg. Hámark byggingarmagns innan byggingarreits er 300m², og er gert ráð fyrir gistingu fyrir allt að 20 manns. Aðkoma er af Lækjarmótavegi. Tillagan er í samræmi við kafla 4.2.1. í Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036.

6. Múli - Deiliskipulag 2 landspildna (Votmúli I)

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 21.2.2024 deiliskipulag fyrir tvær landspildur í landi Votmúla 1, L166214. Lóðin Votmúli 1, L166214, er skilgreind í Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 sem landbúnaðarland. Deiliskipulagið tekur til tveggja landspildna sem hvor um sig er um 10ha að stærð og eru skilgreindir 2 byggingarreitir á hvorri lóð, B1-Íbúðarhúsnæði og B2-Landbúnaðarhúsnæði. Á B1 er gert ráð fyrir byggingu tveggja hæða íbúðarhúss auk sambyggðrar eða stakstæðrar bílgeymslu, með allt að 8,5m hámarkshæð, og hámarksbyggingarmagni allt að 600m². Auk þess er heimilt að byggja allt að 200m² gesthús á einni hæð, auk garðhýsi/gróðurhús á einni hæð, allt að 200m², fyrir heimaræktun. Hæð aukahúsa er allt að 5m. Á B2 er heimilt að byggja tvær landbúnaðarbyggingar með 8m hámarkshæð, samtals allt að 1000m².

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýst eftirfarandi breyting á deiliskipulagstillögu:

7. Búðarstígur 18 - Nesbrú 4 - Breyting á deiliskipulagi Búðarstígs. Nesbrú. Túngötu og Bakkastígs

Breyting á gildandi deiliskipulagi við Nesbrú og Búðarstíg á Eyrarbakka, sem samþykkt var þann 11. október 2006, afmarkast af götunum Nesbrú, Túngötu, Bakarastíg og Búðarstíg og er um 2.9 ha að stærð. Samkvæmt aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 nær deiliskipulagssvæðið til íbúðarbyggðar ÍB29 og er breytingin í samræmi við það. Markmið með deiliskipulagsbreytingu þessari er að efla möguleika á uppbyggingu svæðisins þar sem ný hús falli sem best að aðliggjandi byggð. Skilmálar taka mið af gildandi deiliskipulagi svæðisins og tillögu að verndarsvæði í byggð, þar sem áhersla er lögð á að ný hús innan verndarsvæðisins falli að ríkjandi byggingargerð, sem einkennast af gömlum stíl. Breytingin felst í að lóðirnar Búðarstígur 18 og 18a eru sameinaðar í eina og verða eftir breytingu Búðarstígur 18. Auk þess felst breytingin í færslu á byggingarreit á lóðinni Nesbrú 4, þar sem fyrir er íbúðarhús ásamt frístandandi bílskúr. Breyting og færsla er gerð á byggingarreit, sem nær nú umhverfis þegar byggðan bílskúr ásamt íbúðarhúsi. Lóðamörk eru teiknuð upp skv. ósamþykktu lóðarblaði frá Eflu, en breytingar eru gerðar á byggingarreit. Skilmálar fyrir nýtt hús á lóð Búðarstígs 18 haldast óbreyttir, þ.e. þar er hægt að reisa íbúðarhús skv. lið B. Ný einbýlishús og endurgerð eldri húsa, sbr. kafla 3.2 um húsagerðir í greinargerð gildandi deiliskipulags. Þar segir: Stærð húsa að hámarki 200 m² auk skúrbygginga allt að 25-40m². Hús geta verið 2 hæða með lágu risi, eða einnar hæðar með risi, þó ekki hærra en 7m. Þau geta verið byggð á hlaðinn eða steiptan grunn með gólfkóta allt að 1,3m yfir landhæð.

Byggingarefni: steinsteypa, timburklæðning, báruð málmklæðning, hleðsluveggir s.s. hraunhleðslur eða aðrar steinhleðslur. Þak: bárujárnsklæðning, listað pappapak, -zink- eða kopar, timbur. Þakhalli: 10°-70° risþak, brotið þak (Mansard) eða bogapak (Samúelsþak). Að öðru leyti gilda skipulags- og byggingarskilmálar gildandi deiliskipulags sem samþykkt var 11. október 2006 og staðfest í B-deild 18. desember 2006.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Skipulagslýsing nr. 1 er í kynningu frá 28. febrúar 2024, til og með 26. mars 2024. Þeir aðilar sem hafa athugasemdir eða ábendingar hafa frest til og með 26. mars 2024, til að skila inn til skipulagsfulltrúa (runarg@arborg.is), eða á www.skipulag@arborg.is.

Skipulagstillögur nr. 2-7 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 28. febrúar 2024, til og með 10. apríl 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 10. apríl 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið www.skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæraneleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlunJákvæðar
hugsanir breyta
deginumRagnhildur
Sigurðardóttir
Farsími
693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í þrótafræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Dáleiðsla - Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.Dáleiðsla til skammtunar
m.a. til að sjá líðna atburði
og jafvel fyrri lífi! – Hvar varst
þú í fyrra lífi?Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.Einnig augnlestur,
heilsuráðgjöf, nudd og
svæðanudd.Bókanir á
heilsulindheidars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

KIRKJUR

Hveragerðiskirkja:
kvöldmessa kl. 20.
Ljóf og notaleg stund.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40B

Sunnudagar: Samkoma, sunnu-
dagaskóli og kaffiveitingar kl.
11:00. English translation
available.

Mánudagar: Bæn og lestur kl. 17.

Miðvikudagar: Unglingasamkomur
fyrir 13 ára og eldri kl. 20.Fimmtudagar: HeiVá MINI 10-12
ára kl. 14-15.Allir innilega velkomnir.
www.selfossgospel.is

Frá Árborgarprestakalli

Messur og barnastarf
sunnudaginn 3. mars:Messa og sunnudagaskóli í
Selfosskirkju kl. 11. Prestur
Gunnar Jóhannesson.
Kirkjukórinn syngur undir stjórn
Edit Molnár.Messa í Stokkseyrarkirkju kl. 14.
Prestur Gunnar Jóhannesson.
Kirkjukórinn syngur undir stjórn
Hauks Gíslasonar.Morgunbænir og kaffi alla þriðju-
daga, miðvikudaga og fimmtu-
daga í Selfosskirkju kl. 9:15.Krílasálmar kl. 10:30 og og for-
eldramorgunar kl. 11:00 á mið-
vikudögum.

Skálholt

Samvera fjölskyldunnar sunnu-
daginn 3. mars kl. 11. Vænt er
þátttöku barna og ungmenna
ásamt foreldrum, öfum og
ömmum. Stundin er í umsjón
Bergþóru Ragnarsdóttur, djákna-
kandíats og sr. Axels Á Njarðvík
sóknarprestis. Jón Bjarnason org-
anisti spilar á orgelið.

Mosfellskirkja

Miðvikudaginn 6. mars kl. 20
verður föstumessa. Píslarsaga
guðspjallanna lesin og prestur
flytur hugleiðingu.
Prestsþjónusta sr. Axel Á
Njarðvík. Organisti Jón Bjarnason.
Verið hjartanlega velkomin.

Safnaðarheimili Aðventista,

Eyrarvegi 67, Selfossi:
Laugardaginn 2. mars:
Bíblíurannsókn kl. 11.00 og guðs-
þjónusta kl. 12.00. Harri
Guðmundsson kennir og prédikar.
Organisti: Ester Ólafsdóttir, stjórn-
andi: Sigurgeir Bjarnason
Alli hjartanlega velkomnir.
Söfnuður aðventista í Ánessýslu.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSELOpin fimmtudaginn
29. febrúar kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fim. 29. febrúar kl. 14:45.
Ný Ölfusárbrú

OPIÐ HÚS

Fim. 7. mars nk. kl. 14:45.
Tónlistarflutningur
ungmenna

Frábær árangur á GK - mótinu

Laugardaginn 10. maí sl.
sendi fimleikadeild Ham-
ars í Hveragerði tvö lið á GK
- mótið í stökkfimi yngri. Alls
mættu 21 lið til leiks. Annað lið
Hamars hreppti 10. sætið og hitt
lið Hamars náði í gullverðlaunbæði á trampólíni og í saman-
lögðum árangri og sigruðu þar
með mótið. Bæði lið stóðu sig
ótrúlega vel og voru til fyrir-
myndar fyrir samheldni og góða
liðsheild.

Ljósmynd: Aðsend.



Fertug og fabjúlös!

Þessi fallega kona fagnar sínu
fertugasta aldursári föstu-
daginn 1. mars. Við hvetjum alla
til að gefa henni afmælisnúð og
kossa í tilefni dagsins.

Elsku Magga okkar í tilefni

afmælis þíns verður þér rænt
af heimili þínu sunnudaginn 3.
mars kl. 12:30Kveðja skemmtinefndin í lífi
þínu.

FUNDIR

Vöflukaffi

Laugardaginn 2. mars kl.
11-12 Eyravegi 15 Selfossi.
Gestur - sr. Kristján Björnsson
víglubiskup. Minnum einnig
á framsóknarvistina sama
stað mánudaga kl. 19:30."SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDSSASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Uppbyggingarsjóður

óskar eftir umsóknum í sjóðinn

UMSÓKNARFRESTUR
5. mars, kl. 16:00ATVINNA &
NÝSKÖPUN

MENNING



NÁNARI UPPLÝSINGAR

www.sass.is/uppbyggingarsjodur

Upplestur á Brimrót í kvöld

Upplestur verður á Brimrót, Hafnargötu 1 á Stokkseyri í kvöld, fimmtudaginn 29. febrúar á milli kl. 20 - 21.00, þar sem höfundarnir Steinunn Sigurðardóttir og Vala Hauksdóttir lesa upp úr verkum sínum.

Steinunn Sigurðardóttir er vel kunn fyrir verk sín og margverðlaunuð hérlandis og erlendis. Steinunn hefur líka hlotið heiðursdoktors nafnbót frá Háskóla Íslands og hefur skrifað allra handa texta; ljóð, skáldsögur, ævisögur, leikrit og handrit fyrir sjónvarp. Hennar þekktasta verk er vissulega Tímabjórinn sem kom út 1986. Nýjasta skáldsaga Steinunnar, Ból, hlaut svo Íslensku bókmenntaverðlaunin

núna í janúar. Eitt af meginþemum þeirrar skáldsögu er ferðalög og breytingar bæði á menn og náttúru. Hún mun einmitt lesa upp úr þessari skáldsögu á fimmtudagskvöldið. Fyrstu skáldverk Steinunnar voru hins vegar þrjár ljóðabækur gefnar út á árunum 1969 - 1979.

Vala Hauksdóttir, sem hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör á dögunum er að taka sín fyrstu skref á höfundarferlinum. Vala starfar sem verkefnastjóri hjá Markaðstofu Suðurlands og er menntaður ferðamálafræðingur frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Limerick á Írlandi. Ljóðið sem hún hlaut verðlaun fyrir heitir „Verk að finna“ og er meitlað og skarpt

í sýn sinni á hvernig tíminn líður í smæstu atriðunum. Það verður því sannarlega gaman að sjá hvernig þessar skáldkonur fást við skrifin og hva tengir þær saman í sínum skrifum.

Brimrót á Stokkseyri hefur verið starfandi frá því 2019. Það er vinnu og margnota rými á efri hæð Gimli sem er 100 ára félagsheimili við Hafnargötu á Stokkseyri. Við á Brimrót höfum verið svo heppin að vinna með Bókabæjunum austanfjalls að halda upplestra og er þessi upplestur styrktur af Bókabæunum.

Fréttatilkynning frá Brimrót



Vala Hauksdóttir, Steinunn Sigurðardóttir



»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180 - Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Umhverfissvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Umhverfissvottaður pappír notaður við framleiðsluna



Umhverfissvottaður farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



482 1944 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Einu sinni á Eyrarbakka í mars

Fyrsta leiksýning Leikfélags Eyrarbakka, Einu sinni á Eyrarbakka, er frumsamið verk sem verður sýnt í Byggðasafni Árnessinga á Eyrarbakka í mars.

Leiksýningin er samin af félögum Leikfélags Eyrarbakka, sem hér segir:

Óhugur eftir Guðmund Brynjólfsson. Lífsbaráttan í sjávarþorpum Íslands var um aldir hörð og sambúð manns og sjávar ströng. Eyrarbakki stóð verr en margur annar staðurinn vegna vondra lendingarskilyrða í brimasamri fjörunni. Það hindraði þó ekki dugmikla sjósóknara, þeir drógu gull úr greipum Ægis, en guldu oft dýru verði. Heima biðu konur og börn í skelfilegri óvissu. Leikþátturinn Óhugur bregður upp svipmynd úr alþýðuhúsi á Eyrarbakka um aldamótin 1900. Þar fylgjumst við með þremur ættliðum kvenna bíða þess sem verða vill.

Eyrarbakksýrpa eftir Huldu Ólafsdóttur. Fjórir leiknir þættir, þar á meðal leikgerð upp úr bók Eyrúnar Ingadóttur um Þórdísi ljósmóður, ásamt rímuðum brag sem tengir þættina saman. Þættirnir fjalla um fólk sem lifði og starfaði á Eyrarbakka frá miðri 19. öld og eitthvað fram á þá

20. Koma faktorshjónanna Guðmundar Thorgrímsson og Sylviu konu hans á Eyrarbakka árið 1847 markaði nýja tíma í sögu Eyrarbakka. Þau báru með sér nýja, ferska menningarstrauma frá Kaupmannahöfn og starfs-hættir verslunarinnar breyttust til batnaðar. Eugenia dóttir þeirra giftist Peter Nielsen sem tók við faktorsstöðinni af Guðmundi. Hún var lífið og sálin í félags- og líknarmálum þorpsins, formaður Kvenfélagsins í mörg ár eftir stofnun þess.

Myndbandið *Lilja mín*, hannað af Sellu Páls, fjallar um skáldað líf Lilju frá æsku á Eyrarbakka. Söngtexti eftir Sellu Páls. Lag eftir Norbert Schultze. Gerður Eðvarðsdóttir syngur.

Bíltúrinn eftir Sellu Páls. 6. september 1944 brast Ölfusárbrú á Selfossi. Eftir það var fólk og vörur ferjað yfir ána. 12. - 14. sept. hljóp það mikill vöxtur í ána að öll umferð yfir hana stöðvaðist og varð síðan mjólkurlaust á Eyrarbakka. Leikþátturinn Bíltúrinn hefst á Eyrarbakka 15. september 1944 þegar Þorsteinn er að leggja af stað í bíl sínum á Selfoss í von um að fá þar mjólk. Njörður og Lilja fá far með honum, en eitt og annað kemur upp á leiðinni.

Leikstjóri er Hulda Ólafsdóttir, Tónlist er eftir Birkir Örvarsson. Söngtextar í Eyrarbakksýrpu og í samsönglögnum eru eftir Huldu Ólafsdóttur. Leikarar eru þau Álfrún Auður Bjarnadóttir, Auður Elín Hjálmsdóttir, Birkir Örvarsson, Eyrún Óskarsdóttir, Gerður Eðvarðsdóttir, Guðbjörg Marý Eyjólfsdóttir, Guðrún Ósk Guðjónsdóttir, Jón Ómar Sigfússon, Margrét Magnúsdóttir, Margrét Ósk Óskarsdóttir, Sigrún Þuríður Runólfssdóttir, Sigurbjörn Björnsson og Snæfrost Sara Arnar. Verkefnastjóri er Sesselja Pálsdóttir.

Leikverkið er styrkt af SASS í gegnum Uppbyggingarsjóð sem er hluti af Sóknaráætlun Suðurlands. Viðburðurinn verður frumsýndur í Byggðasafni Árnessinga, Búðarstíg 22 á Eyrarbakka þann 9. mars, en uppselt er á frumsýningu. Næstu sýningar verða 16. mars kl. 20 og 17., 23. og 24. kl. 16.

Miðar verða ekki seldir við innganginn en þeir fást á tix.is og sömuleiðis er hægt að panta miða í síma Tix 551-3800, þar sem opið er alla virka daga á milli 12:00 og 16:00.



Bergþóra Kristín nýr framkvæmdastjóri Fimleikadeildar Selfoss

Fimleikadeild Selfoss hefur ráðið Bergþóru Kristínu Ingvarsdóttur í starf framkvæmdastjóra. Bergþóra er ekki ný í deildinni þar sem hún er sjálf alin upp í fimleikasaf Selfoss og hefur verið þar bæði sem iðkandi til fjölmargra ára og þjálfari, ásamt því sem hún starfaði sem framkvæmdastjóri hjá deildinni á árunum 2018 - 2020.

Bergþóra er sálfræðingur að mennt og kemur sú sérþekking til með að nýtast henni í starfi á ýmsa vegu en Bergþóra er einn-

ig reynslumikil í fimleikastarfi og sat meðal annars í tækninefnd hóp fimleika hjá Fimleikasambandi Íslands á árunum 2015-2022. Hún hefur að auki sinnt margvíslegum störfum fyrir Fimleikasamband Íslands á síðastliðnum árum, meðal annars við gerð fræðsluefnis, við kennslu dómaramámskeiða, í greiningarteymi fyrir landsliðin í hóp fimleikum og við rannsóknir. Þá er Bergþóra alþjóðlegur dómari í hóp fimleikum.



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HSH
Þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,
Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com

BRAC AF VINÁTTU!
BYKO Selfossi
Fæst hjá

ÖKULAND
Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnarþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is